

Tuttugasti og áttundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn þann 28. nóvember 2016 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15.

Mættir: Hannes Tryggvi Hafstein, Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson og Linda Björk Ragnarsdóttir, Þorsteinn Narfason og fundargerð ritaði Árni Davíðsson. Magnús Dalberg og Marianna Hugrún Helgadóttir boðuðu forföll.

Dagskrá:

1. Ábyrgð stjórnenda og starfsmanna heilbrigðiseftirlits, starfslýsingar.

Lögð fram tillaga að endurskoðuðum starfslýsingum í samræmi við ákvörðun á síðasta fundi.

„Endurskoðaðar starfslýsingar starfsmanna heilbrigðiseftirlits eru samþykktar“.

2. Umsóknir um starfsleyfi og tóbaksöluleyfi

Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla, hollustuhátta og mengunarvarna

- a. Óðinn Darri Egilsson sækir um starfsleyfi fyrir húðflúrstofu á Eiðistorgi 13-15 á Seltjarnarnesi.
„Samþykkt til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir líkamsgötun, þar með talið húðflúr“.
- b. Guðrún Helga Brynleifsdóttir f.h. Innovation House Café ehf. sækir um leyfi fyrir rekstri ísbúðar og kaffihúss með aðkeyptar veitingar að Eiðistorgi 15 á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 25. október 2016.
„Staðfest“.
- c. Stefán Stefánsson f.h. Eldhúsið Skálahlíð ehf. sækir um leyfi fyrir Eldhúsið Skálahlíð veitingaþjónustu og veitingaverslun að Skálatúni í Mosfellsbæ. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um matvæli til 12 ára dagsett 25. október 2016.
„Staðfest“.
- d. Kári Húnfjörð Einarsson f.h. Seltjarnarnesbæjar sækir um endurnýjun leyfis fyrir Tónlistarskóla Seltjarnarness við Skólabraut á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 25. október 2016.
„Staðfest“.
- e. Vörður Leví Traustason f.h. Samhjálp félagsamtaka sækir um endurnýjun leyfis fyrir Hlaðgerðarkot meðferðarheimilis fyrir áfengissjúklinga í Mosfellsdal. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir til 12 ára dagsett 25. október 2016.
„Staðfest“.
- f. Elmar Geirsson sækir um endurnýjun starfsleyfis fyrir tannlæknastofu að Þverholti 7 í Mosfellsbæ

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 15. nóvember 2016 til 12 ára með almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum nr. 582/2000 og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir tannlæknastofur.

„*Staðfest*“.

- g. Jón Bjarnason f.h. Norðurness sumarbústaðafélags sækir um starfsleyfi fyrir vatnsveitu fyrir sumarbústaðabyggð. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið til 12 ára þann 14. nóvember 2016 í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. „*Staðfest*“.
- h. Víðir Már Atlason f.h.Landsnets sækir um tímabundið starfsleyfi til jarðfræðarannsókna vegna tengivirkis við Lyklafell á Sandskeiði. Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi leyfið þann 11. nóvember 2016 með gildistíma til 31. nóvember 2016. Leyfið gildir á reit sem fyrirhugað tengivirki við Lyklafell er staðsett skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Leyfið gildir fyrir greftri á þremur prufuskurðum á áætluðu hússtæði, um 20 m. langir og eins djúpir og grafan nær. „*Staðfest*“.

Umsagnir fyrir veitinga, gististaði og flugeldasýningar

- i. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 26. október 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri gistingar í flokki II í sumarhúsi að Víðihól 2 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 14. nóvember 2016. „*Staðfest*“.
- j. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 25. október 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri Innovation House Café ehf. á veitingastað í flokki I, tegund kaffihús, að Eiðistorgi 15 á Seltjarnarnesi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 1. nóvember 2016. „*Staðfest*“.
- k. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 10. október 2016 þar sem óskað var umsagnar um endurnýjun rekstrarleyfis fyrir rekstri Rauða ljónsins (Ljónið veitingar ehf.) á veitingastað í flokki III, tegund veitingahús, að Eiðistorgi 13-15 á Seltjarnarnesi. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 24. október 2016. „*Staðfest*“.
- l. Lagt fram erindi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dagsett 5. september 2016 þar sem óskað var umsagnar um rekstrarleyfi fyrir rekstri Lukku Láka (Icecard ehf.) á veitingastað í flokki II, tegund veitingastofa og greiðasala, að Þverholti 2 í Mosfellsbæ. Jákvæð umsögn var send með bréfi þann 24. október 2016. „*Staðfest*“.

3. Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2017

Drög að fjárhagsáætlun 2017 var lögð fram að nýju. Heilbrigðisnefnd setti fyrirvara um lið númer 17 í fjárhagsáætlun á síðasta fundi.

„*Fjárhagsáætlun var samþykkt með breytingum*“.

4. Umsagnir um gjaldskrár skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

- a. Lögð fram drög Kjósarhrepps að samþykkt fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.
- b. Lögð fram drög Kjósarhrepps að samþykkt fyrir söfnun og eyðingu sorps í Kjósarhreppi.
- c. Lögð fram drög Mosfellsbæjar að samþykkt fyrir sorphirðu í Mosfellsbæ.
- d. Lögð fram drög Seltjarnarnesbæjar að gjaldskrá fyrir hundasamþykkt á Seltjarnarnesi.

„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að veita umsagnir um ofangreindar gjaldskrár í samræmi við umræður á fundinum“.

5. Bréf MG lögmanna er varðar hæsnahald á Reykjahvoli

Lagt fram bréf Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dagsett 4. nóvember 2016 þar sem kynnt er kæra MG lögmanna frá 2. nóvember til Úrskurðarnefndar um umhverfis og auðlindamál. Jafnframt lagt fram svar heilbrigðiseftirlits til úrskurðarnefndar dagsett 14. nóvember 2016.

Kæra MG lögmanna er til komin vegna vanefnda heilbrigðisnefndar að láta fjarlægja hana af lóðinni Reykjahvoli 5 í Mosfellsbæ. Þegar liggur fyrir kæra hanaeigenda um ákvörðun heilbrigðisnefndar að láta fjarlægja hanana en heilbrigðisnefnd frestaði aðgerðum uns úrskurður liggur fyrir.

„Lagt fram“.

6. Salernisaðstaða á ferðamannastöðum til varnar útbreiðslu sýkla og sýklalyfjaónæmra baktería

Lagt fram afrit af bréfi Landlæknis til Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 19. október 2016.

„Lagt fram“.

7. Önnur mál

- a. Endurskoðað aðalskipulag Seltjarnarnesbæjar 2015-2033 hefur verið sent heilbrigðiseftirlitinu til umsagnar. Um er að ræða almenna uppfærslu til samræmis við núgildandi skipulagslög og -reglugerð. (sjá <http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/umhverfi/skipulag/frettir/nr/9960>). Tillagan er í auglýsingu með frest til að gera athugasemdir til 31. des. 2016.

Fundi slitið kl. 18:30.